

Hvernig verndum við börnin fyrir kynferðislegu ofbeldi?

Í samfélaginu leynast víða hættur, sumar hverjar fyrirsjáanlegar sem auðvelt er að fræða börnin um hvernig beri að varast en aðrar leyndari og þar af leiðandi hættulegri. Kynferðisafbrotamenn fyrirfinnast í okkar samfélagi. Hversu margir glíma við þann sjúkleika að vilja áreita og misnota börn kynferðislega er ekki vitað. Staðreyndin er að ekki er hægt að fría samfélagið af þessum brotamönnum fremur en öðrum. Ákveðinn hópur þeirra mun ávallt verða meðal vor í einhverjum mæli.

Kynferðisofbeldi getur átt sér stað inn á heimilinu, á heimili ættingja, á heimili vina barnanna, í hverfum og á stöðum þar sem fólk kemur saman til tómtunda og skemmtana. Sundlaugar eru t.d. staðir sem sérstaklega eru taldir laða að gerendur kynferðisofbeldis. Í þessum aðstæðum er auðvelt að fela sig bak við nekt og nafnleysi. Einnig er afar erfitt að átta sig á tengslum fullorðins einstaklings sem gefur sig að barni. Um gæti verið að ræða skyldmenni eða ókunnugan aðila með einbeittan brotavilja. Erfiðast er að komast að og upplýsa málið sé gerandinn nákominn barninu og býr jafnvel á heimili þess. Sé um að ræða aðila sem barnið „treystir“ og þykir vænt um er barnið síður líklegt til að vilja segja frá ofbeldinu.

Ákveðinn fjöldi mála af þessu tagi koma fram í dagsljósið á ári hverju. Rannsóknir sem lúta að árangri meðferðar á kynferðisafbrotamönnum hafa fram til þessa ekki gefið nægjanlegt tilefni til bjartsýni. Þess vegna er það á ábyrgð aðstandenda að kenna börnunum að þekkja hættumerkin og upplýsa þau um hvar mörkin liggja þegar kemur að snertisamskiptum. Með viðeigandi leiðbeiningu má hjálpa börnunum að verða hæfari í að leggja mat á aðstæður og atferli sem kann að vera þeim skaðlegt eða ógna öryggi þeirra. Því miður er ekki hægt að fullyrða að með fræðslu einni saman sé barnið óhult gegn þeirri vá sem hér um ræðir. Engin ein leið er í sjálfu sér skotheld. Á þessu vandamáli er engin einföld lausn. Ekkert er dýrmætara en börn þessa lands og þess vegna má engin varnaraðferð eða nálgun vera undanskilin.

Þau börn sem teljast helst vera í áhættuhópi eru þau sem hafa farið á mis við að vera upplýst um þessi mál með viðeigandi hætti. Önnur börn í áhættu eru t.d. þau sem eru félaglega einangruð, hafa brotna sjálfsmynd eða eiga við fötlun að stríða.

Til að auðvelda fræðsluna þarf að festa ákveðin hugtök og orðaforða í hugum barnsins. Hugtakið „einkastaðir“ hefur gjarnan verið notað í þessu samhengi. Börnum er bent á hverjir og hvar þeirra einkastaðir eru og að þá má enginn snerta. „Einkastaðaleikir“ eru ekki leyfðir. Ræða þarf um hugtakið „leyndarmál“ og að ekki sé í boði að eiga leyndarmál sem láta manni líða illa.

Skólayfirvöld og foreldrar geta með markvissum hætti sameinast um að byggja upp viðeigandi fræðslukerfi. Það má síðan nota til að kenna börnum að bera kennsl á viðvörðunarkerki svo þau eigi betur með að varast einstaklinga sem hafa í huga að skaða þau. Fræðsla sem þessi er þó vandmeðfarin ef hún á ekki að vekja upp óþarfa áhyggjur hjá barninu. Hyggist skólinn bjóða upp á hana þurfa foreldrar að hafa kynnt sér efnið og tímasetningu hennar. Með þeim hætti geta þeir fylgt umræðunni eftir og svarað spurningum sem kunna að vakna í kjölfarið.

Hafa skal í huga að ein besta forvörn gegn ytri vá felst í því að byggja snemma upp innra varnarkerfi barnsins.